

Fundargerð 880. fundar

stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga

Árið 2020, föstudaginn 27. mars kl. 09:00 kom stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga saman til fundar og fór hann fram í gegnum fjarfundarbúnað.

Fundinn sátu: Aldís Hafsteinsdóttir, Heiða Björg Hilmisdóttir, Þórdís Lóa Þórhallsdóttir, Eyþór Laxdal Arnalds, Gunnar Einarsson, Guðmundur Ari Sigurjónsson, Rakel Óskarsdóttir, Halldóra Lóa Þorvaldsdóttir, Kristján Þór Magnússon, Jón Björn Hákonarson og Ásgerður Kristín Gylfadóttir.

Að auki sátu fundinn Karl Björnsson framkvæmdastjóri og sviðsstjórnarnir Guðjón Bragason, Inga Rún Ólafsdóttir, Sigurður Ármann Snævarr og Valur Rafn Halldórsson, sem ritaði fundargerð.

Bjarni Jónsson boðaði forföll, varamaður hans Halldóra Lóa Þorvaldsdóttir mætti í hans stað.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. Fundargerð 879. fundar - 1909023SA

Lögð fram til staðfestingar fundargerð 879. fundar stjórnar sambandsins frá 28. febrúar 2020.

Fundargerðin var staðfest og verður undirrituð á næsta fundi.

2. Minnispunktar af upplýsingafundi stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga vegna viðbragða sveitarfélaga vegna Covid-19 - 2003041SA

Lagðir fram til kynningar minnispunktar frá upplýsingafundi stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga vegna viðbragða sveitarfélaga vegna Covid-19 frá 16. mars 2020.

3. Siðanefnd sambandsins - 1801019SA

Lagðar fram til kynningar fundargerðir 24., 25. og 26. fundar siðanefndar sambandsins frá 10. september, 21. október 2019, og 10. mars 2020.

Gunnar Einarsson kom inn á fundinn kl. 09:15 og Heiða Björg Hilmisdóttir kl. 09:20.

4. Staða kjaramála - 1905033SA

Lagt fram sem trúnaðarskjal minnisblað sviðsstjóra kjarasviðs sambandsins, dags. 24. mars 2020, um stöðu kjaramála í mars 2020.

Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga vill þakka samninganefnd sambandsins sérstaklega fyrir virkilega góð störf á seinustu vikum og mánuðum.

5. Kjarasamningar 2020 - 1911093SA

Lagðir fram til staðfestingar kjarasamningar milli samninganefndar Sambands íslenskra sveitarfélaga og bæjarstarfsmannafélaga BSRB, dags. 8. mars 2020 og Sjúkraliðafélags Íslands, dags. 9. mars 2020, Félags skipstjórnarmanna, dags. 20. mars 2020. Einnig er og Landssamband slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna, dags. 25. mars 2020, um breytingar og framlengingu á kjarasamningi aðila, ásamt kynningum á samningunum, ásamt kynningum á samningunum.

Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga staðfestir samhljóða samningana og fagnar því að samningar hafi náðst sem byggja á lífskjarasamningunum sem almennur samhugur er um í þjóðfélaginu.

6. Aðgerðaáætlun sveitarfélaga til viðspyrnu fyrir íslenskt atvinnulíf og heimili - COVID-19 - 2003041SA

Lagðar fram hugmyndir og ábendingar að aðgerðum til viðspyrnu fyrir íslenskt atvinnulíf í ljósi þess samdráttar sem blasir við þjóðarbúskapnum, sem sendar voru til framkvæmdastjóra sveitarfélaga og landshlutasamtaka sveitarfélaga 19. mars 2020, ásamt samantekt framkvæmdastjóra sambandsins, dags. 25. mars 2020, um stöðu verkefna í aðgerðarpakka sveitarfélaga um viðspyrnu gegn samdrætti í þjóðarbúskapnum, og kynningu sambandsins, dags. 1. mars 2020.

Einnig lagt fram bréf Félags atvinnurekenda, dags. 19. mars 2020, um niðurfellingu og lækkun fasteignagjalda vegna COVID-19 faraldursins.

Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga lýsir yfir ánægju með að þær aðgerðir sem sambandið hefur lagt fram hafi nýst sveitarfélögunum. Stjórn leggur áherslu á að áfram verði unnið að framgangi þeirra í samráði við ríkisstjórn og að fylgst verði vel með þróun mála og nýjar hugmyndir mótaðar eftir því sem fram vindur. Stjórn hvetur jafnframt sveitarfélögin til að móta frekari hugmyndir sem nýtast atvinnulífinu og íbúum á þessum erfiðu tímum í sínu nærsamfélagi.

Stjórn sambandsins þakkar Félagi atvinnurekenda fyrir erindið og hefur skilning á þeim vanda sem atvinnulífið glímir nú við og beinir því til sveitarfélaga að huga vel að þeim leiðum sem sambandið hefur nú þegar lagt til. Stjórn vill taka sérstaklega fram að um er að ræða fyrstu viðbrögð og verður fylgst vel með þróun mála og brugðist við ef þurfa þykir.

7. Ábendingar við frumvarp til fjárukalaga 2020 og aðgerðir til að mæta efnahagslegum áhrifum vegna COVID-19 - 2003041SA

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til fjárlaganefndar og efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis, dags. 23. mars 2020, um ábendingar við frumvarp til fjárukalaga 2020 og aðgerðir til að mæta efnahagslegum áhrifum vegna COVID-19, 683. og 695. mál.

8. Umsögn um tillögu til þingsályktunar um sérstakt tímabundið fjárfestingarátak - 2003046SA

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til nefndasviðs Alþingis, dags. 26. mars 2020, um tillögu til þingsályktunar um sérstakt tímabundið fjárfestingarátak, 699. mál.

9. Kennarasamband Íslands - 2003029SA

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til Kennarasambands Íslands, dags. 20. mars 2020, um svar í framhaldi af fundi 19. mars 2020, ásamt svari Kennarasambands Íslands, dags. 22. mars 2020, um málið.

10. Skólaganga barna á tímum COVID-19 faraldurs - 2003029SA

Lagt fram bréf Embætti landlæknis til skólastjórnenda, kennara og foreldra, dags. 24. mars 2020, um skólagöngu barna á tímum COVID-19 faraldurs.

11. Tilnefning í samstarfsnefnd um verkefni og áherslur náttúrustofa - 2002019SA

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til umhverfis- og auðlindaráðuneytisins, dags. 3. mars 2020, þar sem Ólafur Einar Lárusson, kennari í Grunnskóla Vestmannaeyja og formaður stjórnar Náttúrustofu Suðurlands, og Margrét Hólm Valsdóttir, útibússtjóri útibús Íslandsbanka á Húsavík og stjórnarmaður Náttúrustofu Norðausturlands, eru tilnefnd í samstarfsnefnd um verkefni og áherslur náttúrustofa.

12. Tilnefning í starfshóp um heimavistarhúsnæði á höfuðborgarsvæðinu fyrir framhaldsskólanemendur - 2003009SA

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til mennta- og menningarmálaráðuneytisins, dags. 5. mars 2020, þar sem Einar Freyr Elínarson, ferðapjónustubóndi og oddviti Mýrdalshrepps, er tilnefndur í starfshóp um heimavistarhúsnæði á höfuðborgarsvæðinu fyrir framhaldsskólanemendur.

13. Tilnefning í samráðshóp um skólalald vegna heimsfaraldurs kórónaveiru - COVID-19 - 2003024SA

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til mennta- og menningarmálaráðuneytisins, dags. 11. mars 2020, þar sem Svandís Ingimundardóttir, skólamálafulltrúi á lögfræði- og velferðarsviði sambandsins, er tilnefnd sem aðalmaður í samráðshóp um skólalald vegna heimsfaraldurs kórónaveiru (COVID-19), og Þórður Kristjánsson, sérfræðingur á lögfræði- og velferðarsviði, til vara.

14. Tilnefning í nefnd til ráðgjafar um langtímastefnumótunar um starfsemi Menntamálastofnunar - 2003018SA

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til mennta- og menningarmálaráðuneytisins, dags. 19. mars 2020, þar sem Eiríkur Björn Björgvinsson, forstöðumaður fræðslu- og menningarsviðs Garðabæjar, er tilnefndur sem aðalmaður í nefnd til ráðgjafar um langtímastefnumótunar um starfsemi Menntamálastofnunar, og Svandís Ingimundardóttir, skólamálafulltrúi á lögfræði- og velferðarsviði sambandsins, til vara.

15. Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum er varða eignarhald og nýtingu fasteigna - heimildir aðila utan EES-svæðisins o.fl. - 2002014SA

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til forsætisráðuneytisins, dags. 26. febrúar 2020, um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum er varða eignarhald og nýtingu fasteigna (heimildir aðila utan EES-svæðisins o.fl.), mál nr. S-34/2020.

16. Umsögn um skýrslu um endurskoðun á meðferð og ráðstöfun 5,3% aflaheimilda - 2003001SA

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins, dags. 6. mars 2020, um skýrslu um endurskoðun á meðferð og ráðstöfun 5,3% aflaheimilda - starfshópur sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra um atvinnu- og byggðakvóta.

17. Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á húsaleigulögum, nr. 36/1994, með síðari breytingum - skráningarskylda, langtímaleiga og hækkun leigufjárhæðar - 2002046SA

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til félagsmálaráðuneytisins, dags. 6. mars 2020, um frumvarp til laga um breytingu á húsaleigulögum, nr. 36/1994, með síðari breytingum (skráningarskylda, langtímaleiga og hækkun leigufjárhæðar), mál nr. 52/2020.

18. Umsögn um reglugerð um vernd landbúnaðarlands - 2002032SA

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins, dags. 10. mars 2020, um drög að reglugerð um vernd landbúnaðarlands, mál nr. S-29/2020.

19. Umsögn um drög að reglugerð um rekstur héraðsskjalasafns - 2002024SA

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til mennta- og menningarmálaráðuneytisins, dags. 12. mars 2020, um drög að reglugerð um rekstur héraðsskjalasafna, mál nr. 32/2020.

20. Umsögn um frumvarp til laga um tímabundnar greiðslur vegna launa einstaklinga sem sæta sóttkví - COVID19 - 2003034SA

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til nefndasviðs Alþingis, dags. 17. mars 2020, um frumvarp til laga um tímabundnar greiðslur vegna launa einstaklinga sem sæta sóttkví samkvæmt fyrirmælum heilbrigðisyfirvalda án þess að sýna merki þess að vera sýktir, 667. mál.

21. Umsögn um tillögu til þingsályktunar um um þjóðaratkvæðagreiðslu um framtíð Reykjavíkurlflugvallar - 2002047SA

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis, dags. 19. mars 2020, um tillögu til þingsályktunar um þjóðaratkvæðagreiðslu um framtíð Reykjavíkurlflugvallar, 311. mál.

22. Umsögn um frumvarp til breytinga á lögum um Framkvæmdasjóð ferðamannastaða nr. 75/2011 - 2003023SA

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins, dags. 19. mars 2020, um frumvarp til laga um breytingu á lögum um Framkvæmdasjóð ferðamannastaða, mál nr. 65/2020.

Fundi var slitið kl. 11:00

Aldís Hafsteinsdóttir

Heiða Björg Hilmisdóttir

Pórdís Lóa Þórhallsdóttir

Eyþór Laxdal Arnalds

Gunnar Einarsson

Guðmundur Ari Sigurjónsson

Rakel Óskarsdóttir

Halldóra Lóa Þorvaldsdóttir

Kristján Þór Magnússon

Jón Björn Hákonarson

Ásgerður Kristín Gylfadóttir

framkvæmdastjóri

ritari